
af erlendum vettvangi

PERÚ:

Bændur gerast herskáir

Herforingjastjórnin í Perú sem komst til valda árið 1968 hefur ekki verið sett á sama bás og aðrar herforingjastjórnir í álfunni, t.d. í Chile og Uruguay. Því hefur einkum valdið afstaða hennar til bandarískrar heimsvaldastefnu. Stjórnin hefur af nokkru kappi ráðist gegn hagsmunum Bandaríkjanna í landinu, þjóðnýtt námur og olíufyrirtæki og rekið einarða landhelgispólitík.

Þessi atriði hafa vakið samúð róttæklinga á Vesturlöndum eða a.m.k. kveðið niður óánægjuraddir úr þeirri átt. Og ekki hefur skaðað að stjórnin tilkynnti stuttu eftir valdatökuna umfangsmiklar endurbætur í landbúnaði — reforma agraria — sem áttu að koma fátækum bændum og landbúnaðarverkamönnum til góða á kostnað stórjarðeigenda eða „latifundista" eins og þeir nefnast í rómönsku Ameríku.



Auk óréttlátrar eigna- og tekjuskiptingar búa perúanskir bændur við frumstæða atvinnuhætti sem víða hefur engum breytingum tekið frá því spánverjar lögðu landið undir sig á sextándu öld.

En fögur fyrirheit duga skammt ef þeim er ekki framfylgt. Að vísu hefur verið þrengt að bandarískum hagsmunum í landinu en það hefur ekki komið verkalýð eða bændum til góða. Það er fyrst og fremst millistétt borganna og stétt iðnrekenda sem hagnast hafa á þjóðnýtingunum auk þess sem auðvaldi annarra iðnríkja (Vestur-Þýskalands og Japans) hefur vaxið ásmegin í landinu.

Landbúnaðaráætlun í vaskinn

Þá hefur landbúnaðaráætlunin ekki gengið eins vel og til var ætlast. Samkvæmt henni hafa stórjarðir verið teknar af fyrri eigendum og komið á samvinnurekstri bænda eða ríkisbúum. En sá galli fylgir gjöf Njarðar að bændum var gert að greiða eigendunum fyrir eignaupptökuna. Þetta hefur bændunum fundist óréttlátt því jarðeigendurnir hafa um aldir haldið þeim í þrælkun og lifað hátt af afrakstri vinnu bændanna. Auk þess hafa jarðaupptökur einungis náð til allra stærstu jarðeigna og sumir landshlutar farið alveg á mis við þær.

Þetta hefur orðið til þess að víða um land, en einkum í héruðunum syðst og nyrst í landinu, hafa bændur tekið lögin í sínar hendur og hafið jarðaupptökur á eigin spýtur. Þeir hafa heldur ekki einskorðað þær við allra stærstu jarðeignir heldur látið þær ná til meðalstórra jarða. Jafnframt því sem bændurnir voru jarðnæðislausir og bjuggu við bág kjör hvatti það einnig til aðgerða þeirra að eigendur stórjarðanna voru farnir að selja búpening og tækjakost af jörðunum af ótta við að þær yrðu teknar eignarnámi.

Seinnihluta sumars í fyrra tóku 70 þúsund bændur þátt í slíkum jarðaupptökum í fjallahéruðunum syðst í landinu. Þeir hafa notið stuðnings kommúnistaflokks landsins, CCP, við þessar aðgerðir en hann telur um 180 þúsund félaga og hefur

Stjórnarathafnir herforingjanna koma yfir- og millistéttum einum til góða

staðið í andófi gegn stjórninni um margra ára skeið og orðið að þola ýmsar búsifjar af hennar hálfu fyrir.

Ofsóknir hafnar

Þegar jarðaupptökurnar hófust í fyrrasumar lét stjórnin það gott heita í fyrstu og í ágúst undirritaði hún samninga við bændasamtökin þar sem hún hét því að láta upptökurnar óáreittar og ofsækja ekki leiðtoga eða félaga í CCP. Í september rauf stjórnin samkomulagið og hóf handtökur bændaleiðtoga og forystumanna CCP. Bændurnir svöruðu með því að loka þjóðvegi í suðurhluta landsins en stjórnin herti enn á kúguninni og handtók marga af leiðtogum uppreisnarinnar. Jarðir þær sem teknar höfðu verið eignarnámi voru settar undir stjórn landbúnaðarstofnunar ríkisins.

Bænduppreisnirnar breiddust nú til nyrstu héraða landsins þar sem bændur tóku stórjarðir og sykurverksmiðjur á sitt vald. Um áramót svaraði stjórnin með því að tilkynna að þeir sem þátt tækju í jarðaupptökum eða hvettu til þeirra yrðu dregnir fyrir herrétt. Þessu var svo fylgt eftir í febrúar þegar lýst var yfir hernaðarástandi í landinu í kjölfar uppreisnar lögreglumanna í höfuðborginni, Lima. Ríkir hernaðarástandið enn, nú fimm mánuðum síðar.

Dularfullt bílslys

Í lok apríl sl. birtist frétt í dagblaðinu Expreso þess efnis að félagsfræðingurinn Julio Alfaro Moreno og bændaleiðtogarnir Marcos Pillco Huaman og Mario Pimentel hefðu lent í bílslysi í Lima. Tveir þeir fyrrnefndu slösuðust mikið en Mario Pimentel lést.

Þetta væri ekki merkileg frétt ef ekki hefði viljað svo til að þremenningarnir voru að koma úr viðtali á ritstjórnarskrifstofum Expreso þar sem þeir skýrðu frá pyndingum sem þeir voru beittir í fangelsum stjórnarinnar. Eru á lofti grunsemdir um að bílslysið hafi ekki orðið fyrir neina tilviljun.


Mario Pimentel var 21 árs er hann lést. Hann var handtekinn 17. október sl. og ákærður um glæpi gegn öryggi ríkisins, röskun á almennri reglu og þátttöku í jarðaupptökum. Bræður hans tveir höfðu báðir fengið að kynnast fangelsum stjórnarinnar fyrir pólitíska starfsemi. Pimentel var pyndaður í þeim tilgangi að hann gæfi upplýsingar um samtökin sem hann starfaði í. Honum var sleppt í lok nóvember en í aprílbyrjun var hann aftur handtekinn og ákærður fyrir að eiga fjölritara! Þá var hann einnig pyndaður í þeim tilgangi að hann segði hvar bróðir hans héldi sig. Þegar hann gaf sig ekki gerði lögreglan húsleit hjá foreldrum hans og handtók yngri bróður hans. Síðan var foreldrum þeirra boðið að þeim yrði sleppt ef þau segðu hvar eldri bróðirinn héldi sig. Upplýsingar af þessu tagi kostuðu Pimentel lífið.

Arðránið ekkert minna

Við þessar pólitísku ofsóknir bætast miklar verðhækkanir á matvælum, vöruskortur og sívaxandi atvinnuleysi sem stjórnin hefur ekki borið við að vinna bug á. Hinn alþýðlegi blær sem stjórnin hefur reynt að hafa á stefnu sinni er því óðum að hverfa og andstaða almennings gegn henni eykst að sama skapi. Það breytir myndinni ekkert þó stjórnin taki einnig hart á þeim öflum sem vilja endurreisa veldi Bandaríkjanna í landinu. Aðgerðir stjórnarinnar, hvort sem þær bitna á vinstri eða hægri mönnum, miðast fyrst og fremst við að búa í haginn fyrir innlenda auðstétt og hina vaxandi millistétt borganna. Arðránið á bændum og verkalýð hefur ekkert minnkað.

ÞH — byggt á politisk revy.

Varhugavert að láta aðra hugsa fyrir sig



Rætt við Eyjólf J. Eyfells listmálara

viðtalið

Á sunnudaginn kemur — 6. júlí — lýkur yfirlitssýningu Eyjólfs J. Eyfells listmálara, sem undanfarið hefur verið á Kjarvalsstöðum við mjög góða aðsókn. — Það er allt upp á sex hjá mér, sagði Eyjólfur, þegar blaðamaður leit inn til hans í risi Austurbæjarskólans, en þar hefur hann vinnustofu. — Ég er fæddur 6. júní — sem er sjötti mánuður ársins, klukkan sex að morgni, sjötta sunnudag í sumri árið átján hundruð áttatíu og sex. Þær eru margar athyglisverðar, tilviljanirnar.

— Hvert sækir þú helst þín motíf?

— Fyrst og fremst til náttúrunnar. Ég er fyrst og fremst natúralisti, með einhverjum keim af impressónisma. Ég hef ferðast um mestallt landið að leita fyrirmynda, en uppáhaldsstaðir mínir eru einna helst Þingvellir, Vestmannaeyjar, Þórsmörk. Ég er verulegur náttúrudýrkandi. Náttúran er á yfirborðinu þögul, en hún talar máli sem snertir mig.

— Sérðu kannski álfa?

— Nei, ég hef aldrei séð þá, að minnsta kosti ekki í vöku. En mig dreymdi eitt sinn undarlegan draum, þá kominn á elliár. Mér fannst ég vera á leið heim að bænum, þar sem ég ólst upp. Þar er brekka með klettabelti, þar sem við krakkarnir lékum okkur oft. Í draumnum fannst mér ég sjá tvö börn á leið heim að bænum, litinn dreng og telpu ofurlitið stærri. Ég þykist þá hvetja sporið í þeim tilgangi að fylgja börnunum eftir þangað, en þá hverfa þau allt í einu. Þá er ég kominn að Klettabrekku, en þar sé ég í berginu dyr, sem ég opna hiklaust. Þar fyrir innan birtist mér kona, en innar þóttist ég sjá inn í baðstofu, þar sem börnin voru og gamall maður. „Búið þið hér?" spyr ég konuna. „Já," segir hún. „Þá eruð þið huldufólk," segi ég og var ákaflega hissa, því að frá því ég var barn hafði mér aldrei dottið í hug að þarna væri álfabyggð. Þá virðist mér ýtt að utan á útidyrahurðina, og sýnist mér að konunni sé lítið gefið um þá gestakomu. Ég bregð því við og ýti á hurðina á móti, en við það vakna ég.

Af tilefni þessa draums gerði Eyjólfur svo mynd, sem sýnir börnin hjá klettabeltinu. Sú mynd er á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Bærinn sem hér um ræðir er Súluholt í Flóa, en fæddur er Eyjólur á Seljalandsseli við Vestur-Eyjafjöll.

— Þú ert hneigður fyrir það dulræna?

— Það er ég. Það dulræna er eins mikill raunveruleiki fyrir mér og það, að við sitjum hér nú og ræðumst við. Það hvarflar ekki að mér að efast um framhaldslíf, ég á því láni að fagna að vera berdreyminn og ég trúi því líka að endurfæðingar eigi sér stað. Ég get nefnt til dæmis að eitt sinn kom heim til sonar míns kona með dulrænar gáfur og sá mynd eftir mig. Hún segir: „Þessi maður var einu sinni munkur og þá mikill vingerðarmaður." — Og þeir sem þekkja Eyjólf vita að í þessu lífi er hann mikill smekkmaður á vín.

— Ertu bjartsýnismaður á lífið og tilveruna?

— Mér list frekar illa á famtíðina. Fyrir mörgum árum sagði Helgi Pjeturss, einn af okkar vitrustu mönnum um margt, að mannkynið væri á helvegi. Ég tók þá undir það fyrstur manna, og það geri ég enn ákveðnar í dag. Ég trúi á dómsdag, því að mér finnst eðlilegt að allt hafi upphaf og endi. Þegar ég var til spurninga hjá sr. Eggert í Vogsósum, sem var vitur maður og sérkennilegur um sumt, og við spurðum hann um dómsdag, sagði hann: „Jú, dómsdagur kemur. En hann verður af manna völdum." Það tek ég líka undir. Og nú er ástandið þannig í heiminum að ég sé ekki betur en við getum búist við dómsdegi fyrr en varir.

— Hvað er til marks um það?

— Tortímingartæknin endar með skelfingu. Til hvers væri verið að framleiða vopn og tækni til tortímingar ef þetta væri aldrei notað? Helstefnan er allsráðandi í kapítalismanum. Hún getur verið víðar, en það eitt er víst að kapítalisminn bjargar ekki mannkyninu.

— Hvað heldurðu að helst geti orðið til bjargar?

— Ég er dálítið fastur í þeirri trú að Kristur eigi eftir að bjarga veröldinni með einhverju móti. Ef kenningar hans gera það ekki, þá getur ekkert orðið til bjargar.

— Hvað heldurðu að þú hafir málað margar myndir alls?

— Það hef ég ekki hugmynd um, en giskað hefur verið á að þær væru sex eða sjö þúsund talsins. Þetta er orðið nokkuð mikið. Ég er orðinn 89 ára og er víst örugglega elstur núlifandi listamanna hér á landi. Ég man ekki heldur hvað sýningarnar eru orðnar margar hjá mér, en þær hafa verið víða, í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, London, og svo hef ég verið með á samsýningum í Reykjavík og erlendis, í Danmörku að minnsta kosti.

— Ertu ánægður með þá viðurkenningu, sem þú hefur hlotið?

— Aðsóknin hefur verið mjög góð hjá mér á Kjarvalsstöðum, og yfirleitt hef ég átt góðu að mæta hjá almenningi. En það sama verður ekki sagt um viðmót þeirra, sem þykjast öðrum betur til þess fallnir að skera úr um hvað sé list og ekki list. Ég fékk til dæmis listamannalaun í hittedfyrra, en svo voru þau tekin af mér á næsta ári. Og sumir virðast ekki þora að hafa aðrar skoðanir á myndlist en vissir spekingar. En það er alltaf varhugavert að láta aðra hugsa fyrir sig, þora ekki að hugsa sjálfur. Það er einmitt það sem kapítalisminn vill; hann vill að fólk hætti að hugsa sjálfstætt svo að hann geti matað það á skoðunum eftir sínum hentugleikum

dþ